



22. febrúar 2024

Leirulækur 2 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lagt er fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. ágúst 2023 þar sem sótt er um leyfi til að klæða suðausturgafli og suðvesturhlíð Laugalækjarskóla með sléttri áklæðingu á lóð nr. 2 við Leirulæk.



Loftmynd Borgarvefsjá



Laugalækjarskóli

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt Aðalskipulagi tilheyrir lóðin Laugalækjarskóli, samfélagsþjónustu.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulagið “Dalbrautarreitir” samþykkt í borgarráði dags 16.04.2002 með síðari breytingum.

Umsögn

Hverfið samanstendur af stofnunum og blandaðri íbúðarbyggð; stórum og litlum fjölbýlishúsum auk raðhúsa, í módernískum stíl. Samstæður húsa og heildir er verndað með hverfisvernd.

Í gildandi deiliskipulagi kemur fram að Leirulækur 2 er með verndun 20. aldar bygginga. Við endurbætur og mögulega stækkun þeirra ber að taka sérstakt tillit til byggingarlistarlegra sérkenna þeirra hvað varðar útlitshönnun, innra skipulag og stærðarhlutföll. Skólinn er teiknaður af Einari Sveinssyni og Kjartani Sveinssyni.

Að setja klæðingu á hús þar sem ekki var gert ráð fyrir henni í upphafi hefur oft neikvæð áhrif á útlit húss og helstu stíleinkenni geta tapast. Ekki er heimilt að klæða steypthús sem falla undir verndun 20.aldar bygginga. Það þarf að skoða aðra valkosti við endurgerð húsa sem hæfa byggingarstíl hússins betur.

Niðurstaða

Neikvætt samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri